

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 2016 í máli nr. S-800/2016:

Ákærvaldið

(Katrín Ólög Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Sigurði Jóhanni Árnasyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember sl., er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 25. október 2016 á hendur Sigurði Jóhanni Árnasyni, Stórholti 24, Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 15. ágúst 2015, utandyra við Stórholt í Reykjavík, veist með ofbeldi að B, snúið hann niður þannig að hann féll í jörðina og slegið hann ítrekað í höfuðið, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut mar á hægri öxl, tognun og ofreyntu á brjóstakassa og lendarhrygg, sár á vinstri olnboga og hrúfl á hægri hné auk þess sem gleraugu hans brotnuðu.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá gerir brotþoli kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð 829.561 króna með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fyrrgreindri fjárhæð frá 15. ágúst 2015, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt sakborningi, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Einnig er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola málskostnað.

Ákærði neitar sök. Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá aðfaranótt laugardagsins 15. ágúst 2015 barst lögreglu þá nótt, kl. 05.47, tilkynning um að maður hefði orðið fyrir líkamsárás utandyra við Stórholt í Reykjavík. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu hitti lögregla brotþola fyrir á vettvangi. Fram kemur að brotþoli hafi verið mjög ölváður og í annarlegu ástandi. Hann hafi átt erfitt með að tjá sig í samhengi en hann hafi nefnt ákærða til sögunnar. Þá hafi hann greint frá því að einhver hefði

kýlt hann nokkrum sinnum. Í skýrslunni kemur einnig fram að brotaþoli hafi verið með áverka á vinstri handlegg, þar sem hann hafi verið mjög blóðugur og hafi bolur hans verið rifinn. Greint er frá því að farið hafi verið með brotaþola á slysadeild til aðhlyningar. Brotaþoli mætti á lögreglustöð þriðjudaginn 18. ágúst 2015 og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás. Við það tækifæri greindi hann frá atvikum málsins.

Læknir á Landspítala háskjólaskjúkrahúsi hefur ritað vottorð vegna komu brotaþola á slysadeild 15. ágúst 2015. Í vottorðinu kemur m.a. fram að brotaþoli hafi verið aumur í hægri öxl. Þá hafi hann verið með eymsli í baki neðantil og yfir neðstu rifjum. Hann hafi verið stirður í baki og aumur yfir þvertindum lendahryggjar hægra megin. Hann hafi verið með lítið sár á vinstri olnboga. Loks hafi hann verið með smá hrúfl yfir hægra hné.

Ákærði hefur greint svo frá að umrætt sinn hafi hann verið í Stórholti í Reykjavík, ásamt vinkonu sinni, á leið heim. Karlmaður hafi tekið fram úr þeim og ákærði boðið manninum góða kvöldið. Maðurinn hafi brugðist illa við, en hann hafi ekki talað íslensku. Maðurinn hafi farið að ögra ákærða og spurt hann hvort hann væri samkynhneigður. Þá hafi hann sagt að ákærði ætti frekar að einbeita sér að vinkonu sinni en sér. Maðurinn hafi gengið áfram en sífellt verið að hrópa á ákærða. Hann hafi svo skyndilega snúið sér við og gengið rösklega í áttina að ákærða. Ákærði hafi stoppað og ekki vitað hvað væri í gangi. Maðurinn hafi gengið þétt upp að honum. Honum hafi fundist sér ógnað, orðið hræddur og snúið manninn niður. Í framhaldi hafi þeir staðið á fætur og maðurinn spurt hann að nafni. Ákærði hafi enn verið hræddur og ekkert sagt manninum. Stúlkan sem verið hafi ákærða samferða hafi haldið í áttina að Hlemmi, en henni hafi verið brugðið. Maðurinn hafi gengið á eftir stúlkunni og ákærði verið þar fyrir aftan. Ákærði hafi farið til stúlkunnar en hún þá verið grátandi. Til að gera ekki illt verra hafi ákærði ákveðið að fara heim til sín. Hafi hann verið hræddur og reynt að fela sig á leiðinni.

Brotaþoli hefur greint svo frá að hann hafi verið á heimleið þessa nótt og verið á ferð í Stórholti. Hann hafi verið að koma úr verslun og verið með innkaupapoka meðferðis. Í neðanverðu Stórholti hafi brotaþoli séð strák og stelpu vera að rífast. Er brotaþoli hafi gengið fram hjá þeim hafi hann sagt að þau ættu að hætta þessum hávaða því klukkan væri orðin svo margt. Maðurinn hafi snúið sér að honum og spurt hvað hann væri að skipta sér af þessu. Hann hafi einnig spurt brotaþola hvaðan hann væri og brotaþoli spurt á móti hvaða máli það skipti hvaðan hann væri. Maðurinn hafi þá ráðist á hann og snúið hann niður. Eins hafi maðurinn kýlt hann í andlitið en samkvæmt skýrslu lögreglu greindi brotaþoli ekki frá því. Brotaþoli gaf þá skýringu, hér fyrir dómi, að túlkur hefði túlkað framburð sinn hjá

lögreglu, og hafi brotþoli sagt lögreglu frá því að ákærði hefði kýlt hann í andlitið, en það kæmi ekki fram í skýrslu lögreglu. Í framburði brotþola kom fram að ákærði hafi vafið plastpoka, sem brotþoli hafi verið með, yfir munn brotþola þannig að hann hafi fengið köfnunartilfinningu og sennilega misst meðvitund skamma stund. Stúlkan hafi gert ítrekaðar tilraunir til að stöðva árásina sem hafi verið mjög hrottaleg. Eftir árásina hafi stúlkan talað við brotþola og beðið hann afsökunar á árásinni. Hann hafi náð að rísa á fætur og ákærði staðið á lengdar. Þau hafi gengið af stað á leiðis á lögreglustöð. Á leiðinni hafi brotþoli rætt við leigubifreiðarstjóra og beðið hann um að hringja á lögregluna. Þau hafi beðið eftir lögreglu, en árársaðilinn látið sig hverfa. Lögregla hafi komið skömmu síðar. Stúlkan hafi ritað niður nafn árársarmannsins og látið brotþola fá miðann og hafi hann afhent lögreglu hann. Lögregla hafi farið með brotþola á slysadeild en hann hafi allur verið lerkaður eftir árásina. Árársarmaðurinn hafi brotið gleraugun hans. Hann hafi verið frá vinnu í 2 mánuði eftir árásina að læknisráði.

A kvaðst hafa verið á heimleið umrætt sinn ásamt ákærða. Á leiðinni hafi ákærði farið að áreita og ögra manni sem hafi gengið á undan þeim. Maðurinn hafi gengið áfram og ákærði haldið áfram tilburðum sínum. Maðurinn hafi að lokum svarað og sagt ákærða að láta sig í friði og einbeita sér að stúlkunni sem hann væri með. Ákærði hafi ekki látið sér segjast og maðurinn spurt hann hvort hann væri samkynhneigður. Þetta hafi endað með því að ákærði hafi ráðist á manninn og snúið hann niður í jörðina. Ákærði hafi kýlt manninn tvisvar til þrisvar í andlitið og hafi gleraugu mannsins brotnað. Ákærði hafi haldið áfram að kýla manninn þangað til Ingibjörg hafi dregið hann af honum. Maðurinn hafi ekki verið neitt ógnandi í fasi.

Læknir er ritað hefur læknisvottorð vegna brotþola kom fyrir dóminn og lýsti þeim áverkum er brotþoli hafi greinst með. Fram kom að brotþoli hafi lýst því sem fyrir hafi komið. Þess væri ekki getið í læknisvottorðinu að brotþoli hafi verið mjög ölvaður og átt erfitt með að lýsa atvikum. Það hefði komið fram í vottorðinu ef svo hefði verið. Lögreglumenn er unnu að rannsókn málsins staðfestu þátt sinn í rannsókninni.

Niðurstæða:

Ákærða er gefin að sök líkamsárás framin aðfaranótt laugardagsins 15. ágúst 2015 við Stórholt í Reykjavík með því að hafa snúið brotþola niður þannig að hann féll í jörðina og að hafa slegið hann ítrekað í andlitið.

Ákærði neitar sök. Hann hefur viðurkennt að hafa snúið brotþola niður í jörðina umrætt sinn og gefur þær skýringar á háttsemi sinni að hann hafi verið hræddur við brotþola, sem honum hafi fundist ógna sér. Krafist sé sýknu á

grundvelli neyðarvarnar, sbr. 12. gr. laga nr. 19/1940, sbr. og 3. mgr. 218. gr. c sömu laga.

Svo sem áður greinir hefur ákærði viðurkennt að hafa snúið brotaþola niður í jörðina. Með framburði brotaþola og vitnisins A verður því slegið föstu að brotaþoli hafi viljað forðast átök við ákærða og að ákærða hafi ekki átt að standa ógn af honum. A hefur staðhæft að ákærði hafi ítrekað slegið brotaþola í andlitið, allt þar til henni tókst að ná honum ofan af brotaþola. Brotaþoli hefur lýst þessu á sama veg hér fyrir dómi. Ekki kemur fram í læknisvottorði að brotaþoli hafi verið með áverka á höfði eftir árásina. Er því óljóst hvort högg þau er brotaþoli og A lýsa lentu í höfði brotaþola. Verður það talið ósannað. Að þessu gættu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru. Í ljósi þess að ákærða stóð ekki ógn af brotaþola getur verknaður ákærða ekki helgast af neyðarvörn. Er háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í desember 1982. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé. Með hliðsjón af háttsemi ákærða, sem á sér engar málsbætur, er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 mánuði, sem í ljósi sakaferils hans þykir unnt að skilorðsbinda svo sem í dómsorði greinir.

Brotaþoli krefst skaðabóta að fjárhæð 829.561 króna, ásamt vöxtum og málskostnaði. Skaðabótakrafan sundurliðast þannig að krafist er miskabóta að fjárhæð 600.000 krónur. Þá er krafist skaðabóta vegna læknskostnaðar og lyfjakaupa, samtals að fjárhæð 55.261 króna, auk bóta vegna munatjóns að fjárhæð 120.000 krónur vegna skemmda á Giorgio Armani gleraugum. Að lokum er gerð krafa um þjáningabætur samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 54.300 krónur, en brotaþoli hafi verið óvinnufær í 30 daga vegna árásarinnar.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir líkamsárás gagnvart brotaþola. Með þeirri saknæmu og ólögmetu háttsemi sinni hefur ákærði valdið brotaþola tjóni. Miskabætur verða ákveðnar að álitum, en ekki nýtur sérfræðilegra gagna um miska brotaþola. Að teknu tilliti til árásarinnar og þeirra líkamlegu áverka sem brotaþoli hlaut, verða miskabætur ákveðnar 200.000 krónur. Til grundvallar lið um læknskostnað og lyfjakaup liggja reikningar. Ekki er fullgild kvittun að baki reikningi um gleraugu að fjárhæð 30.000 krónur. Verður þeim kröfulið hafnað, en kröfuliðurinn að öðru leyti tekinn til greina. Það liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn um munatjón að fjárhæð 120.000 krónur og verður þessum kröfulið hafnað. Loks liggur fyrir læknisvottorð um óvinnufærni brotaþola með öllu frá 10. september til 15. september 2015, en það tekur við af fyrra læknisvottorði vegna brotaþola þar sem fram kemur að brotaþoli fái vinnuveitandavottorð í 10 daga. Af þessu verður ályktað að óvinnufærni brotaþola sé staðfest í 30 daga. Í samræmi við það greiði ákærði brotaþola þjáningabætur að fjárhæð 54.300 krónur. Samkvæmt þessu greiði

ákærði brotþola skaða- og miskabætur að fjárhæð 279.561 krónu. Loks greiði ákærði brotþola 180.000 krónur í málskostnað. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, sem nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Ólöf Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Jóhann Árnason, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði B skaða- og miskabætur að fjárhæð 279.561 krónu ásamt vöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. ágúst 2015 til 3. desember 2016 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði brotþola 180.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 543.500 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 511.500 krónur.

Símon Sigvaldason.